

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 20. janúar 2020
UST201912-198/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Hreinsistöð í Hveragerði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 17. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar að breytingu á deiliskipulagi hreinsistöðvar í Hveragerðisbæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst m.a. í aðlögun reitsins að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis AT2, stækkun á byggingarreit hreinsistöðvar, varðveisla fornminja innan svæðisins og nýtt sleppisvæði fyrir hunda norðan við lóð hreinsistöðvar.

Varmá

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að Varmá og bakkar hennar eru á Náttúruminjaskrá og huga skal að mengun í ánni, sérstaklega frá hreinsistöðinni sem notar ána sem viðtaka.

Auk þess kemur fram að í markmiðum aðalskipulagsins sé verið að stuðla að því að Varmá og nærumhverfi hennar muni áfram njóta hverfisverndar með áherslu á hreinleika og verndun lífríkis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að áin sé á náttúruminjaskrá eins og getið er um í aðalskipulagi. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé í umhverfisskýrslu um hver áhrif stækkunar skólphreinsistöðvarinnar er á ána sem viðtaka og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd

vatnsauðlindarinnar. Löginn taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Varmá hefur vatnshlotsnúmerið 103-792-R undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Skólp magn fyrir Hveragerði

Árið 2014 var gögnum skilað til Umhverfisstofnunar um skólp magn fyrir Hveragerði sem taldi þá 6.200 persónueiningar. Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að afkastageta núverandi stöðvar sé 2.500. Umhverfisstofnun vill benda á að við útreikning á afkastagetu hreinsistöðvar (magn skólps sem verður til í þéttbýlinu), þarf að taka tillit til nokkurra þátta:

- Skólp magn (pe.) skal reiknað út á grundvelli mesta meðalmagns á viku sem fer um hreinsistöðina á ári að frádregnu því sem fellur til við óvenjulegar aðstæður, t.d. við stórrigningar.
- Íbúafjölda + árstíðabundnar breytingar + fólk sem býr ekki á staðnum (ferðamenn/vistmenn).
- Iðnað (lítil og meðalstór fyrirtæki) sem losa fráveituvatn með lífrænum efnum í fráveitu sveitarfélags eða hreinsistöð.
- Húsaskólp eða iðnaðarskólp, sbr. ofangreint sem **ætti að vera safnað** í fráveitukerfi eða önnur sambærileg kerfi (IAS/individual or other appropriate systems) en er ekki gert.

Einnig þarf að taka framtíðaraukningu íbúa, ferðamanna og iðnaðar með í útreikningana.


Seyrumeðhöndlun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver eru framtíðaráform varðandi hreinsun, notkun eða urðun seyrunnar og mikilvægt sé að horft sé til lengri tíma.

Bakkagróður

Á uppdrætti er gert ráð fyrir mögulegri staðsetningu á göngubrú yfir Varmá. Auk þess kemur fram að allar framkvæmdir skv. deiliskipulagi þessu eru utan hverfisverndarsvæðis ef undan er skilin göngubrú en hún er gerð í samræmi við gildandi aðalskipulag. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um ákvæði laganna í tillögunni, að fjallað sé um hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og sett séu skilyrði í tillöguna og/eða framkvæmdaleyfi þar sem ákvæði laganna eru uppfyllt.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur